

Nd.

351. Nefndarálit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Útgjöld þau, sem farið er fram á að veita fje til í frumvarpi þessu, stafa að sumu leyti af því, að áætlanir við undirbúning fjárlaganna hafa reynst of lágar. Að sumu leyti stafar útgjalda-aúkinna af endurbótum, sem hentugra var að framkvæma á fjárhagstímabilinu, en fresta til seinni tíma. Hins vegar verður því ekki neitað, að nokkrir útgjaldaliðir hafa mjög farið fram yfir fjárveitingu, og væri því æskilegt, að stjórnin framvegis gerði sjer sem allra nákvæmasta grein fyrir hinum væntanlegu útgjöldum þannig, að sem minst þurfi að koma til aukafjárveitinga.

Með skirskotun til nefndarálitsins um athugasemdir við Landsreikningana 1912 og 1913, leggur nefndin til, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir þessum upphæðum:

1. Til kostnaðar við símana, sjá 48. lið 1912 kr. 8642,47
2. Til salsgæslu aðstoðar við Landsbókasafnið — 333,33

Að svo mæltu leggur nefndin til, að frumvarp þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.

Á eftir D. III. komi:

Til starfsrækslu bæjarsímans í Reykjavík kr. 8642,47.

2. Við 7. gr.

Aftan við greinina bætist:

Til salsgæslu aðstoðar í Landsbókasafninu kr. 333,33.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
skrifari.

M. J. Kristjánsson,
framsögumaður.